



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Mannaflí í heilbrigðisþjónustu

Embætti landlæknis sér um veitingu [starfsleyfa og sérfræðileyfa](#) heilbrigðisstétta á Íslandi en löggildar stéttir eru í dag 36 talsins. Undanfarin misseri hefur embættið haldið úti gagnvirkum [mælaborði um mannafla](#) í heilbrigðisþjónustu. Þar má finna upplýsingar um heildarfjölda og árlega útgáfu starfsleyfa, áætlaðan fjölda starfandi heilbrigðisstarfsfólks og fjölda útskrifaðra í tilteknum heilbrigðisstéttum. Greina má hvernig útgáfa starfsleyfa hefur þróast eftir árum, meðal annars hvað varðar fjölda leyfa, kynjaskiptingu, þjóðerni, aldur o.fl. Gögn í mælaborðinu eru að mestu leyti fengin úr [starfsleyfaskrá](#) embættis landlæknis. Þar sem sú skrá inniheldur ekki upplýsingar um fjölda heilbrigðisstarfsfólks sem starfar innan heilbrigðiskerfisins er einnig stuðst við upplýsingar frá stéttarfélögum viðeigandi heilbrigðisstétta um fjölda félagsmanna. Upplýsingar um fjölda útskrifaðra eru fengnar frá Hagstofu Íslands.

Í viðleitni til að leggja mat á þann mannafla sem í raun og veru starfar við heilbrigðisþjónustu hér á landi hefur embættið beitt tvenns konar nálgun. Annars vegar að áætla starfandi mannafla í heilbrigðisþjónustu út frá fjölda leyfishafa undir 70 ára með lögheimili á Íslandi. Þessi nálgun, sem byggir á gögnum starfsleyfaskrár, gefur ágæta vísbendingu ef leyfishafar starfa alla jafna innan heilbrigðisþjónustu eins og á við um lækna en er lakari ef algengt er að leyfishafar starfi við annað en heilbrigðisþjónustu. Það á t.d. við um hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Gögn starfsleyfaskrár leyfa m.a. greiningu gagna eftir aldri, kyni, lögheimili og ríkisfangi. Hin leiðin er að gefa sér að raunfjöldi starfandi í tilteknum heilbrigðisstéttum sé hinn sami og sá fjöldi sem skráður er í viðeigandi stéttarfélag. Þau gögn leyfa ekki jafn nákvæma greiningu og gögn úr starfsleyfaskrá. Báðar aðferðir eru tilraun til að nálgast þann raunfjölda sem starfar við heilbrigðisþjónustu á Íslandi en hvorug er fullkomin og því þarf að taka tölum yfir fjölda starfandi með fyrirvara.


Í Talnabrunninum er fjallað um það hvernig mannaflí hefur þróast í fimm heilbrigðisstéttum á undanförunum árum. Þetta eru stéttir hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, ljósmæðra, lækna og sálfræðinga. Töluvert hefur verið rætt og ritað um mönnun þeirra fjögurra stétta sem fyrst eru nefndar, bæði um mönnunarpörf á líðandi stundu og eins um mönnunarhorfur til framtíðar. Hér er leitast við að styðja við umræðuna með gögnum sem embætti landlæknis safnar og hefur umsjón með. Meðal annars er rýnt í hvernig fjöldi leyfishafa í viðkomandi stéttum hefur þróast með tilliti til mannfjöldapróunar í landinu og hvernig aldursskipting innan stéttanna hefur breyst. Vonast er til að þetta varpi ljósi á stöðu mönnunar í dag og gefi innsýn í hvernig hún kunni að þróast á næstu árum. Mönnun sálfræðinga hefur verið minna til umfjöllunar en mönnun fyrrgreindra stétta, en þar hefur þróunin verið með öðrum hætti. Því þótti áhugavert að draga fram mannaflapróun hjá sálfræðingum til samanburðar.

Hjúkrunarfræðingar

Í árslok 2024 voru hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi 5.801 talsins, 5.594 konur og 207 karlar. Miðað við tölur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga var áætlað að 3.989 hjúkrunarfræðingar hafi starfað við hjúkrun í lok árs 2024.


Á undanförunum árum hefur hjúkrunarfræðingum með starfsleyfi fjölgað nokkuð umfram mannfjölda, úr 1.164 í 1.490 á hverja 100.000 íbúa á árabílinu 2008-2024 (mynd 1, blá lína). Á sama tíma hefur leyfishöfum undir 70 ára aldri með lögheimili á Íslandi fjölgað minna, eða úr 1.072 í 1.242 á hverja 100.000 íbúa (mynd 1, appelsínugul lína). Í lok árs 2024 voru hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi, 70 ára og eldri, 963 talsins.

Draga má þá ályktun út frá þessum tölum að 1.812 hjúkrunarfræðingar með starfsleyfi hafi ekki starfað við hjúkrun í árslok 2024. Þar af voru 963 orðnir 70 ára og að öllum líkindum hættir störfum sökum aldurs. Eftir standa 849 hjúkrunarfræðingar undir sjötugu sem ekki starfa í greininni, eða 14,6% af heildinni. Hafa þeir í huga að 435 hjúkrunarfræðingar hafa einnig starfsleyfi sem ljósmæður, enda þarf að ljúka hjúkrunarfræðinámi til að geta hafið nám í ljósmóðurfræðum. Þessir einstaklingar teljast því vera hluti af fyrrgreindum 14,6% en starfa að öllum líkindum sem ljósmæður.




Mynd 1. Fjöldi hjúkrunarfræðinga með gilt starfsleyfi, annars vegar óháð aldri og hins vegar yngri en 70 ára, á hverja 100.000 íbúa með lögheimili á Íslandi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Líkt og í mörgum öðrum heilbrigðisstéttum hefur aldurssamsetning hjúkrunarfræðinga tekið breytingum á undanförunum árum. Vaxandi bil milli línanna á mynd 1 endurspeglar hærri hlutfall eldri leyfishafa og gefur til kynna að aldurssamsetning stéttarinnar færist smám saman upp á við. Á mynd 2 má sjá að fjölgað hefur verulega í tveimur elstu aldurshópnum, úr 479 árið 2008 í 1.542 árið 2024. Á síðustu árum má einnig greina fjölgun starfsleyfa í yngsta aldurshópnum. Frá árinu 2008 til ársins 2024 hækkaði meðalaldur hjúkrunarfræðinga með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi úr 49 árum í 51,5 ár.




Mynd 2. Hlutfallsleg skipting hjúkrunarfræðinga með gilt starfsleyfi og lögheimili á Íslandi eftir aldurshópum. Innan hvernar súlu má sjá fjölda í hverjum aldurshópi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Fjöldi hjúkrunarfræðinga með gilt starfsleyfi á Íslandi og erlent ríkisfang þrefaldaðist á árunum 2017-2024, fór úr 35 í 105 á hverja 100.000 íbúa landsins (mynd 3). Þessi fjölgun hefur að mestu átt sér stað í yngri aldurshópum (mynd 4), sem er frábrugðið því sem sjá má hjá leyfisköfum með íslenskt ríkisfang. Í lok árs 2024 var meðalaldur hjúkrunarfræðinga með lögheimili á Íslandi og íslenskt ríkisfang 52,4 ár samanborið við 40,3 ár hjá hjúkrunarfræðingum með lögheimili á Íslandi og erlent ríkisfang.



Mynd 3. Fjöldi hjúkrunarfræðinga með gilt starfsleyfi, annars vegar óháð aldri og hins vegar yngri en 70 ára, á hverja 100.000 íbúa með lögheimili á Íslandi og erlent ríkisfang. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).




Mynd 4. Hlutfallsleg skipting hjúkrunarfræðinga með gilt starfsleyfi, lögheimili á Íslandi og erlent ríkisfang, eftir aldurshópum. Innan hvernar súlu má sjá fjölda í hverjum aldurshópi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Sjúkraliðar


Í árslok 2024 voru sjúkraliðar með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi 5.058 talsins, 4.907 konur og 149 karlar. Miðað við tölur frá Sjúkraliðafélagi Íslands var áætlað að 2.017 sjúkraliðar störfuðu við sjúkraliðastörf í lok árs 2024. Heildarfjöldi sjúkraliða með starfsleyfi á hverja 100.000 íbúa hefur haldist nokkuð stöðugur á meðan sjúkraliðum undir 70 ára fækkaði úr 1.159 í 1.033 á hverja 100.000 íbúa á árabílinu 2015-2024 (mynd 5). Í lok árs 2024 voru sjúkraliðar með starfsleyfi, 70 ára og eldri, 1.034 talsins.

Miðað við þessi gögn má álykta að 3.041 sjúkraliði með starfsleyfi hafi ekki starfað við fagið í árslok 2024. Þar af voru 1.034 orðnir 70 ára og að öllum líkindum hættir störfum sökum aldurs. Eftir standa 2.007 sjúkraliðar undir sjötugu sem ekki starfa í greininni, eða 39,7% af heildinni. Hér ber að geta þess að 546 sjúkraliðar hafa einnig starfsréttindi sem hjúkrunarfræðingar. Þeir einstaklingar eru hluti af þessum 39,7% en stór hluti þeirra starfar að öllum líkindum sem hjúkrunarfræðingar.



Mynd 5. Fjöldi sjúkraliða með gilt starfsleyfi, annars vegar óháð aldri og hins vegar yngri en 70 ára, á hverja 100.000 íbúa með lögheimili á Íslandi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).


Sjúkraliðum í tveimur elstu aldurshópunum hefur fjölgað verulega, úr 435 árið 2008 í 1.681 árið 2024 (mynd 6). Á sama tíma hefur fækkað mjög í aldurshópnum 45-54 ára. Tveir yngstu aldurshóparnir haldast nokkuð stöðugir þó greina megi lítilsháttar fjölgun allra síðustu árin. Hún er þó mun minni en fjölgun meðal hjúkrunarfræðinga. Meðalaldur sjúkraliða hækkaði úr 49,7 árum í 55,6 ár á tímabilinu 2008-2024.



Mynd 6. Hlutfallsleg skipting sjúkraliða með gilt starfsleyfi og lögheimili á Íslandi eftir aldurshópum. Innan hvernar súlu má sjá fjölda í hverjum aldurshópi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).


Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar

Ef heildarfjöldi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða með starfsleyfi á Íslandi er tekinn saman og borinn saman við gögn frá Norðurlöndunum í [gagnagátt OECD](#) sést að fjöldi á hverja 100.000 íbúa hefur verið hærri hér en meðaltal allra Norðurlandanna (Ísland meðtalið) um alllangt skeið (mynd 7). Hér eru tölur um hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða lagðar saman, í samræmi við verklag OECD, vegna þess hve menntun þessara starfshópa er mismunandi milli OECD-landa sem torveldar samanburð.



Mynd 7. Samanlagður heildarfjöldi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða með gilt starfsleyfi á Íslandi (súlur) samanborið við meðaltal Norðurlanda (lína) á hverja 100.000 íbúa, óháð lögheimili. Meðaltal Norðurlanda er samsett úr tölum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Ath. lögheimili er ekki eingöngu íslenskt líkt og á fyrri myndum. [Gögn frá OECD](#).

Ef samanlagður áætlaður fjöldi starfandi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Íslandi er borinn saman við gögn frá Norðurlöndunum í OECD-gagnagáttinni má einnig sjá að tölur fyrir Ísland eru nokkuð hærri en meðaltal Norðurlandanna allt frá árinu 2008 (mynd 8).




Mynd 8. Samanlagður áætlaður fjöldi starfandi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Íslandi (súlur) samanborið við meðaltal Norðurlanda (lína) á hverja 100.000 íbúa, óháð lögheimili. Meðaltal Norðurlanda er samsett úr tölum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Ath. lögheimili er ekki eingöngu íslenskt. [Gögn frá OECD](#).

Ljósmaður


Önnur heilbrigðisstétt sem tekst á við áskoranir vegna breyttrar aldurssamsetningar eru ljósmaður. Í árslok 2024 voru ljósmaður með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi 553 talsins, allt konur. Miðað við tölur frá Ljósmaðrafélagi Íslands var áætlað að 321 ljósmóðir starfaði við fagið í árslok 2024. Á árabílinu 2012-2024 hélst heildarfjöldi ljósmæðra með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi nokkuð stöðugur í kringum 140 á hverja 100.000 íbúa (mynd 9). Á sama tíma fækkaði ljósmæðrum undir 70 ára úr 123 í 101 á hverja 100.000 íbúa. Í lok árs 2024 voru ljósmæður með starfsleyfi, 70 ára og eldri, 159 talsins.

Út frá þessu má áætla að 232 ljósmæður með starfsleyfi hafi ekki starfað við fagið í árslok 2024. Tala þeirra sem náð höfðu sjötugsaldri var 101 og því má gera ráð fyrir að fjöldi ljósmæðra undir sjötugu sem ekki starfaði við fagið hafi verið 131, eða 23,7% af heildinni.



Mynd 9. Fjöldi ljósmæðra með gilt starfsleyfi, annars vegar óháð aldri og hins vegar yngri en 70 ára, á hverja 100.000 íbúa með lögheimili á Íslandi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Mynd 10 sýnir hvernig hlutfall 65 ára og eldri hefur vaxið umfram yngstu aldurshópnum undanfarin ár og er nú 44% af öllum ljósmæðrum með gilt starfsleyfi. Það ber þó að nefna að undanfarin ár hefur einnig fjölgað í yngsta aldurshópnum, sem taldi rúmlega tvöfalt fleiri árið 2024 en árið 2008. Á árunum 2008 til 2024 hækkaði meðalaldur ljósmæðra með gilt starfsleyfi úr 53 árum í 58,1 ár.




Mynd 10. Hlutfallsleg skipting ljósmæðra með gilt starfsleyfi og lögheimili á Íslandi eftir aldurshópum. Innan hversrar súlu má sjá fjölda í hverjum aldurshópi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Læknar

Í árslok 2024 voru læknar með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi 2.186 talsins, 1.216 karlar og 970 konur. Undanfarin ár hefur fjöldi lækna aukist nokkuð umfram mannfjölda, fór úr 421 í 561 á hverja 100.000 íbúa á árunum 2008-2024. Þar af fjölgaði læknum undir 70 ára úr 371 í 456 á hverja 100.000 íbúa (mynd 11). Þegar fjöldi starfandi lækna er áætlaður er jafnan miðað við heildarfjölda lækna undir sjötugu í stað þess að kalla eftir gögnum frá Læknafélagi Íslands. Reynsln sýnir að hlutfall lækna sem starfar við sitt fag er hærra en margra annarra heilbrigðisstétta, s.s. hjúkrunarfræðinga,


sjúkraliða og ljósmæðra. Því þykir þessi aðferð við áætlun á fjölda starfandi vera nákvæmari mælikvarði hjá læknum en öðrum heilbrigðisstéttum.




Mynd 11. Fjöldi lækna með gilt starfsleyfi, annars vegar óháð aldri og hins vegar yngri en 70 ára, á hverja 100.000 íbúa með lögheimili á Íslandi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Þegar almenn starfsleyfi eru skoðuð eftir kyni sést að karlkyns læknum fjölgaði úr 590 í 609 á hverja 100.000 karla á árabílinu 2008-2024. Á sama tíma rúmlega tvöfaldaðist fjöldi starfsleyfa hjá kvenkyns læknum miðað við mannfjölda, fór úr 247 í 512 leyfi á hverjar 100.000 konur.

Meðalaldur lækna stendur nokkurn veginn í stað yfir tímabilið, fer úr 51,6 ári í 51,3 ár. Hins vegar er aldursþróunin mjög ólík á milli kynja. Vegna hækkandi aldurs karlkyns lækna er hlutfallsleg fjölgun í tveimur elstu aldurshópnum mikil (mynd 12). Árið 2024 voru rúm 40% allra karlkyns lækna í tveimur elstu aldurshópnum samanborið við tæp 17% árið 2008. Töluverð hlutfallsleg aukning er í yngsta aldurshópi karlkyns lækna á tímabilinu, fer úr 6,5% í 14,5%. Hjá konum er hlutfall í yngri aldurshópnum mun hærra en hjá körlum yfir tímabilið, ekki síst í yngsta aldurshópnum (mynd 13). Þó má sjá að hlutfall í elstu hópnum tveimur vex hægt og sígandi þótt það sé enn mun lægra en hjá körlunum.



Mynd 12. Hlutfallsleg skipting karlkyns lækna með gilt starfsleyfi og lögheimili á Íslandi eftir aldurshópnum. Innan hversar súlu má sjá fjölda í hverjum aldurshópi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).




Mynd 13. Hlutfallsleg skipting **kvenkyns lækna** með gilt starfsleyfi og lögheimili á Íslandi eftir aldurshópum. Innan hvernar súlu má sjá fjölda í hverjum aldurshópi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Sálfræðingar


Í sumum heilbrigðisstéttum hefur orðið áberandi fjölgun leyfishafa. Þannig fjölgaði sálfræðingum með starfsleyfi og lögheimili á Íslandi úr 380 í 975 á árunum 2008-2024. Ef tekið er mið af mannfjölda þá fjölgaði úr 119 í 250 á hverja 100.000 íbúa á tímabilinu (mynd 14). Í mannaflamælaborði embættis landlæknis má sjá að árlegri útgáfu sálfræðileyfa hefur fjölgað úr 32 í 48 á sama tíma. Sjá má á mynd 15 að á fyrri hluta tímabilsins 2008-2024 fylgjast línurnar nokkurn veginn að, sem endurspeglar lágt hlutfall sálfræðinga 70 ára og eldri. Á seinni hluta tímabilsins fer hlutfall 70 ára og eldri heldur hækkandi og þá skilur á milli línanna. Meðalaldur sálfræðinga með gilt starfsleyfi hækkaði lítillega á tímabilinu, eða úr 45,9 árum í 46,7 ár.

Hafa má í huga að árið 2003 hóf Háskólinn á Akureyri að bjóða upp á BA-nám í sálfræði og árið 2009 var sálfræðinámi komið á fót við Háskólann í Reykjavík. Þetta kann að einhverju leyti að skýra fjölgun í stétt sálfræðinga. Fram að því hafði aðeins Háskóli Íslands boðið upp á háskólanám í sálfræði hérlandis.



Mynd 14. Fjöldi sálfræðinga með gilt starfsleyfi, annars vegar óháð aldri og hins vegar yngri en 70 ára, á hverja 100.000 íbúa með lögheimili á Íslandi. Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Líkt og í mörgum öðrum heilbrigðisstéttum er töluverður munur á fjölda sálfræðinga með starfsleyfi annars vegar og starfandi sálfræðingum hins vegar. Miðað við tölur frá Sálfræðingafélagi Íslands var áætlað að 681 sálfræðingur væri starfandi hérlandis í lok árs 2024 (mynd 15). Eins og fyrr segir voru 975 sálfræðingar með leyfi á sama tíma, þar af voru 116 sjötíu ára og eldri. Því má áætla að 178 sálfræðingar undir sjötugu hafi starfað við annað en sálfræðistörf á þeim tímapunkti, eða 18,3% af heildinni.



Mynd 15. Áætlaður fjöldi starfandi sálfræðinga á Íslandi, annars vegar raunfjöldi (súlur, vinstri ás) og hins vegar fjöldi á hverja 100.000 íbúa (lína, hægri ás). Gögn úr [mannaflamælaborði embættis landlæknis](#).

Samantekt

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi mannaflapróun nokkurra heilbrigðisstétta á undanförunum árum. Fjöldi starfsfólks með gilt starfsleyfi í þeim heilbrigðisstéttum sem hér um ræðir hefur fylgt mannfjöldapróun í landinu ágætlega. Í sumum tilfellum hefur fjöldi leyfa jafnvel vaxið umfram mannfjöldann, s.s. í stétt hjúkrunarfræðinga, lækna og sálfræðinga. Hins vegar hefur starfsleyfum sjúkraliða og ljósmæðra sem eru undir sjötugu fækkað á hverja 100.000 íbúa. Þegar miðað er við höfðatölu mælist samanlagður fjöldi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða meiri á Íslandi en á Norðurlöndunum.

En fjöldinn einn og sér segir ekki alla söguna. Skortur á starfsfólki í vissum heilbrigðisstéttum hérlandis og erlendis og leiðir til úrbóta hafa verið til umræðu um árabíl, s.s. í kaflanum [Health and social workforce](#) í Health at a Glance 2025, í [skýrslu norsku heilbrigðisstarfsmannafndarinnar 2023](#) og [EU Country Health Profiles](#). Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2017, [Hjúkrunarfræðingar: Mönnun, menntun og starfsumhverfi](#), kemur fram að íslenskt heilbrigðiskerfi standi frammi fyrir áskorunum vegna lýðfræðilegra þátta sem fyrirsjáanlega munu valda auknu álagi á kerfið. Annars vegar vegna langvinnra sjúkdóma sem krefjast reglulegrar og langvarandi heilbrigðisþjónustu og hins vegar fjölgun aldraðra sem að jafnaði þarfnast mestrar heilbrigðisþjónustu. Vegna lengri lífaldurs má gera ráð fyrir að heilsufarsvandamál verði fjölþættari og að umönnunarþyngd aukist í samræmi við það.

Samkvæmt skýrslu heilbrigðisráðuneytisins frá árinu 2024, [Mannaflí í lækniþjónustu til framtíðar](#), er fyrirsjáanlegt að þættir eins og fjölgun íbúa og ferðamanna, breytt aldurssamsetning íbúa, nýjar áskoranir í fjölþjóflegu samfélagi, fjölgun fjölveikra og breytt vinnumenning nýrra kynslóða lækna muni halda áfram að auka þjónustubörfina. Þetta má að öllum líkindum heimfæra yfir á aðrar heilbrigðisstéttir og hafa tiltekin stéttarfélög lýst áhyggjum af aldursþróun í sínum röðum, lítilli nýliðun og auknu álagi í starfi. Varðandi frekari umfjöllun má benda á grein um [bróun mönnunar í hjúkrun á Landspítala](#) í Tímariti hjúkrunarfræðinga 2022, [ályktun Sjúkraliðafélags Íslands](#) í Sjúkraliðanum 2025 og [viðtal við formann Ljósmæðrafélags Íslands](#) á RÚV 2020.

Sú tölfræði sem hér er birt rennir stoðum undir margt af því sem áður hefur komið fram um mannaflapróun tiltekinna heilbrigðisstétta. Tölurnar sýna að meðalaldur hefur farið hækkandi hjá hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og ljósmæðrum með gilt starfsleyfi og vegna hækkandi aldurs fjölga meira í eldri aldurshópum en þeim yngri. Fram kemur í skýrslu heilbrigðisráðuneytisins frá 2024, [Mannaflí í lækniþjónustu til framtíðar](#), að meðalaldur sé lykilbreyta við útreikninga á mannaflapörf. Í sumum heilbrigðisgreinum kemur fram töluverður munur á fjölda starfandi heilbrigðisstarfsfólks annars vegar og fjölda gildra starfsleyfa í greininni hins vegar. Þetta bendir til þess að fólk sem hefur menntað sig til tiltekinna starfa í heilbrigðisþjónustu kjósi að starfa á öðrum vettvangi að námi loknu eða hverfi til annarrar iðju eftir tiltekinn tíma í starfi. Þar kann margt að spila inn í, s.s. launakjör, starfsaðstæður og vinnuálag. Ljóst er að huga þarf að nýliðun, aldursþróun, vinnuumhverfi, aukinni framleiðni, breyttri verkaskiptingu, aukinni notkun tækni og betri samþættingu þjónustu innan heilbrigðisþjónustu til að mæta þeim áskorunum sem fyrirsjáanlegar eru í heilbrigðismálum í náinni framtíð.

Arnar Sigbjörnsson,
Védís Helga Eiríksdóttir,
Sigríður Haraldsd Elínardóttir,
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Efni
Mannaflí í heilbrigðisþjónustu

Bls.
1
Ritstjórn
Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
Sigríður Haraldsd Elínardóttir, ábm.
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is